Alþjóðlegt ár jarðvegs 2015

Landgræðsla ríkisins 2016
Lr 2016/ 07

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Skýrsla nr.: LR-2016/07 Blaðsíður: 10 Dagsetning: 21.03.2016

Heiti:

Höfundur: Þórunn Pétursdóttir

Ljósmyndir: Áskell Þórisson

Alþjóðlegt ár jarðvegs 2015

Sameinuðu þjóðirnar tileinkuðu árið 2015 jarðveginum og mikilvægi þess að viðhalda jarðvegsgæðum um allan heim. Jarðvegsvernd er eitt stærsta umhverfismál samtímans. Yfir 95% af fæðu jarðarbúa koma frá moldinni en engu að síður leiðir röng meðferð á landi árlega til gríðarlegs jarðvegstaps frá landbúnaðarvistkerfum um allan heim.

Virkni landvistkerfa ræðst af ástandi jarðvegs og getu hans til vatnsmiðlunar. Hann er næststærsta kolefnisgeymsla jarðarinnar og endurheimt jarðvegsgæða því áhrifarík leið til að binda kolefni úr andrúmslofti og draga þannig úr áhrifum loftslagsbreytinga.

Röng landnotkun í aldanna rás hefur rýrt virkni landvistkerfa á heimsvísu og í mörgum tilfellum skaðað þau varanlega. Landhnignun og jarðvegstap er eitt af þeim alvarlegu umhverfisvandamálum sem við horfumst í augu við í dag og hefur mun víðtækari áhrif en flestir gera sér grein fyrir. Þetta á ekki síður við á Íslandi en annars staðar í veröldinni.

Landhnignun og jarðvegstap hefur stórskaðað íslensk vistkerfi og þrátt fyrir aldalanga landgræðslusögu þá erum við árlega enn að tapa gríðarlegu magni af jarðvegi. Ósjálfbær landnýting ýtir undir tap á jarðvegsgæðum; hvort sem um er að ræða illa ígrundað skipulag innan þéttbýlis þar sem græn svæði verða undir í samkeppni við steinsteypu eða í dreifbýlinu þar sem álag af völdum beitar sauðkinda, traðki ferðamanna eða framkvæmdum tengdum virkjunum eða uppbyggingu ferðamannastaða raskar viðkvæmum úthagavistkerfum.

Jarðvegsvernd er gríðarlega mikilvæg íslensku samfélagi. Moldin á samt ekki marga málsvara og fer því sjaldan hátt í almennri umræðu um umhverfismál. Því þarf að breyta. Landgræðsla ríkisins ákvað því að nýta alþjóðlegt ár jarðvegs til að fjalla markvisst um mikilvægi jarðvegsverndar frá sem flestum sjónarhornum og reyna að ná til sem flestra samfélagshópa.

Að undirlagi Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi var stofnaður samstarfshópur um alþjóðlegt ár jarðvegs 2015. Hópurinn setti sér þau markmið að nýta árið til að efla almenna þekkingu á jarðvegsauðlindinni gegnum fjölbreytta fræðslu og ýta undir aukna samfélagslega ábyrgð varðandi jarðvegsvernd.

Í hópnum voru aðilar frá Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, Landgræðslunni og Félagi Sameinuðu þjóðanna. Landgræðslan leiddi vinnuna og stofnaði einnig verkefnahóp sem vann með samstarfshópnum. Hópurinn vann með fjölbreyttum hópi sérfræðinga frá ýmsum stofnunum, samtökum og fjölmiðlum sem lögðu verkefninu til þekkingu sína og tengslanet. Flest af þeim markmiðum sem hópurinn setti í byrjun árs náðust. Verkefnið vakti talsverða athygli og samstarf við NaNo verkefni Menntavísindasviðs HÍ um námskeiðahald og gerð fræðsluefnis fyrir skólabörn mun vonandi tryggja langtíma áhrif þess.

Fyrir hönd Landgræðslu ríkisins vil ég þakka samstarfshópnum um alþjóðlegt ár jarðvegs 2015 fyrir frábær störf. Ég færi ennfremur Þórunni Pétursdóttur, sem leiddi þetta merka átak með miklum skörungsskap og atorku, sérstakar þakkir fyrir frábær störf og árangur. Ég þakka líka öllum þeim, sem tóku þátt í verkefninu með okkur, kærlega fyrir samvinnuna. Þá ekki síst þeim fjölmörgu sem fluttu fyrirlestra, tóku þátt í umræðum eða deildu efni, styrktu verkefnið eða sóttu viðburðina heim.

Eins og kemur fram hér ofar þá er jarðvegsvernd eitt stærsta umhverfismál samtímans. Við munum halda ótrauð áfram við að minna á mikilvægi moldarinnar og setja fram lausnir hvernig megi stýra nýtingu auðlindarinnar á sjálfbæran hátt og ég vona að sem flestir vilji leggja þeirri vegferð lið.

Sveinn Runólfsson

Helstu viðfangsefni alþjóðlegs árs jarðvegs 2015

Samstarfsnefnd og verkefnahópur

Í samstarfsnefnd um alþjóðlegt ár jarðvegs sátu:
Þórunn Pétursdóttir, landgræðsluvistfræðingur Landgræðslu ríkisins (verkefnisstjóri)
Berglind Sigmarsdóttir, framkvæmdastjóri Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi
Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-LRT)

Í verkefnahóp Landgræðslunnar sátu:
Þórunn Pétursdóttir (hópstjóri)
Arna Björk Þorsteinsdóttir
Andrés Arnalds
Áskell Þórisson
Guðjón Magnússon

Auk þess komu Halldóra Traustadóttir og Berglind Orradóttir frá Landgræðsluskóla HSÞ að undirbúningi og framkvæmd viðburða.

Samantekt yfir fundi, málstofur, erindi, viðtöl og blaðagreinar sem birtust í tilefni ársins

2 fundir (opnunarhátíð og morgunverðarfundur)
6 málstofur (örfyrirlestraröð)
16 örerindi
6 erindi
4 útvarpsviðtöl
5 blaðaviðtöl
4 blaðagreinar
1 fréttaskot Lr

Helstu viðfangsefni ársins

Opnunarhátíð verkefnisins alþjóðlegt ár jarðvegs 2015 í Tjarnarbíói þann 25.mars.

Á opnunarhátíðinni voru flutt nokkur erindi um fjölþætt mikilvægi jarðvegsverndar og myndin "Soil the Dirt" var sýnd. Sveinn Runólfsson Landgræðslustjóri bauð gesti velkomna og að því loknu fluttu eftirfarandi aðilar ávarp/erindi:
Frú Sigrún Magnúsdóttir,
umhverfis- og auðlindaráðherra
S. Sindri Sigurgeirsson,
formaður Bændasamtaka Íslands
S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs Reykjavíkurborgar
Ólafur Arnalds,
prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands
Fundarstjóri:
Þórunn Pétursdóttir

Að lokinni dagskrá var boðið upp á ferskt grænmeti og blávatn til að minna á mikilvægi jarðvegsins í fæðuframleiðslu og vatnsvernd. Um 60 gestir tóku þátt. Hafdís Hanna Ægisdóttir var í útvarpsviðtali skömmu fyrir opnunarhátíðina þar sem hún kynnti ár jarðvegs og sagði frá fyrirhuguðum viðburðum á árinu.

Örfyrirlestraröð á kaffi Loka sem ætlað var að vekja athygli á fjölþættu mikilvægi jarðvegsverndar

Örfyrirlestraröðin samanstóð af sex hádegisfyrirlestrum um jafnmörg áhersluefni. Á hverjum þeirra voru flutt 3 örerindi að meðaltali. Hvert erindi var 5-7 mínútur. Að þeim loknum var opnað á umræður um þema hvers fundar. Málstofurnar voru haldnar á Kaffi Loka í Reykjavík (utan einu sinni á Flórunni í Laugardal) og fengu gestir sér að borða um leið og þeir hlýddu á fyrirlestrana. Þetta fyrirkomulag gafst mjög vel og gestir voru almennt mjög ánægðir með það.

Málstofurnar voru eftirfarandi:

1) Moldin er málið

Hlutverk jarðvegs innan vistkerfa jarðarinnar
Fundarstjóri:
Hafdís Hanna Ægisdóttir. UNU-LRT
Fyrirlesarar:
Jóhann Þórsson,
sérfræðingur Landgræðslu ríkisins
Heiti erindis:
Jarðvegsmyndun, eyðing og endurheimt
Kristín Vala Ragnarsdóttir,
prófessor Háskóla Íslands
Heiti erindis:
Jarðvegsvernd gegn loftslagsbreytingum
Í kjölfar málstofunnar birti Bændablaðið viðtal við Jóhann sem byggði á erindi hans.

2) Mold og matur

Áhrif matarsóunar á ástand jarðvegs
Fundarstjóri:
Þórunn Pétursdóttir. Lr
Fyrirlesarar:
Rakel Garðarsdóttir,
stofnandi Vakandi hópsins
Heiti erindis:
Erum við búin að missa tenginguna við moldina?
Rannveig Magnúsdóttir,
verkefnisstjóri Landvernd
Heiti erindis:
Koma matvæli úr hitabeltisjarðvegi okkur við?
Bryndís Geirsdóttir,
kvikmyndaframleiðandi. Búdrýgindi
Heiti erindis:
Menning og mold

Rannveig Magnúsdóttir og Rakel Garðarsdóttir voru báðar í útvarpsviðtali fyrir málstofuna þar sem þær kynntu umfjöllunarefni sín.

3) Mold og menning
Áhrif landnýtingar fyrr á öldum á jarðveg og vistkerfi
Fundarstjóri:
Berglind Sigmarsdóttir. Fél. SÞ
Fyrirlesarar:
Egill Erlendsson,
lektor. Háskóli Íslands
Heiti erindis:
Var þeim sama um moldina? Gróður og jarðvegseyðing í ljósi samfélagsbreytinga á miðöldum.
Jónatan Hermannsson,
sérfræðingur. Landbúnaðarháskóli Íslands
Heiti erindis:
Ræktað land á fyrstu öldum Íslandsbyggðar–hvað voru menn að bedrífa þá?
Í kjölfar málstofunnar birti Bændablaðið viðtal við Egil sem byggði á erindi hans.

4) Mold og mynt
Jarðvegur sem hluti af grænu hagkerfi
Fundarstjóri:
Þórunn Pétursdóttir
Fyrirlesarar:
Björn H. Barkarson,
sérfræðingur. Umhverfisráðuneytið
Heiti erindis:
Vægi jarðvegs í grænu hagkerfi
Jón Örvar Jónsson,
sérfræðingur. Háskóli Íslands
Heiti erindis:
Fjölþætt virði jarðvegs
Björn Guðbrandur Jónsson,
framkvæmdastjóri GFF (Gróður fyrir fólk)
Heiti erindis:
Hagrænir þættir við nýtingu lífrænna úrgangsefna til uppgræðslu

5) Mold og menntun
Jarðvegsvernd sem hluti af almennri menntun
Fundarstjóri:
Berglind Sigmarsdóttir. Fél. SÞ
Fyrirlesarar:
Ólafur Arnalds,
prófessor. Landbúnaðarháskóli Íslands
Heiti erindis:
Mold, lestur og menntun
Ester Ýr Jónsdóttir,
verkefnastjóri NaNo. Háskóli Íslands
Heiti erindis:
Reyndu nú að skíta þig ekki út!
Hafdís Hanna Ægisdóttir,
forstöðumaður. UNU-LRT
Heiti erindis:
Þekking, þjálfun, þor
Í kjölfar málstofunnar birti Bændablaðið viðtal við Ester sem byggði á erindi hennar.

6) Mold og mannmergð
Jarðvegsvernd og vistkerfi í þéttbýli
Fundarstjóri:
Þórunn Pétursdóttir
Fyrirlesarar:
Ása L. Aradóttir,
prófessor. Landbúnaðarháskóli Íslands
Heiti erindis:
Náttúrulegri borgir
Hrönn Hrafnsdóttir,
sérfræðingur. Reykjavíkurborg
Heiti erindis:
Grænt og grátt í Reykjavík
Hrafnkell Proppé,
skipulagsfræðingur. Svæðisskipulag Reykjavíkur
Heiti erindis:
Áhrif vaxtar á vistkerfi höfuðborgarsvæðisins
Í kjölfar málstofunnar birti Bændablaðið viðtal við Hrafnkel sem byggði á erindi hans.

Samstarf við NaNo verkefnið á Menntavísindasviði HÍ um að auka framboð af námsefni um jarðvegsvernd fyrir skólabörn og halda námskeið fyrir grunn- og framhaldsskólakennara um sama efni.
Umsjón og utanumhald með þessu verkefni var í höndum Esterar Ýr Jónsdóttur verkefnisstjóra hjá NaNo verkefninu og Þórunnar Pétursdóttur Lr. Ákvarðanir um áherslur voru engu að síður í höndum samstarfshópsins. Eftirfarandi atriði voru valin sem viðfangsefni:

- Þýða kennsluefni útgefið af FAO (Soil Challenge Bagde). Unnið í samstarfi við FAO með dyggum stuðningi frá Jóni Erlingi Jónassyni hjá FAO. (Er í ferli)
- Þýða og talsetja stuttmynd: Let´s talk about soils. Unnið í samstarfi við framleiðendur myndarinnar; Institute of Applied Sustainability Science í Potsdam Þýskalandi. (Er í ferli)
- Halda námskeið fyrir kennara um jarðvegsvernd og vistlæsi. Unnið í samstarfi við LBHÍ. (Er í ferli).

Samstarf við leikhópinn 10 Fingur um leiksýninguna: Lífið
Leiksýningin Lífið, er saga moldarinnar og lífsins sem byggir á henni. Samstarfshópurinn styrkti sérstaklega tvær sýningar á leikritinu fyrir 10 ára skólabörn með því að gera sérstaka útgáfu af leikskránni sem fjallaði sérstaklega um moldina. Þórunn Pétursdóttir mætti á báðar sýningarnar og spjallaði við krakkana um mikilvægi jarðvegsverndar áður en sýningin hófst.

Morgunverðarfundur: Jarðvegsvernd gegn loftslagsbreytingum, á Nauthóli þann 25.nóv.
Á fundinum var formlegri dagskrá alþjóðlegs árs jarðvegs 2015 lokað með nokkrum stuttum erindum og pallborðsumræðum. Yfirskrift fundarins var: *Ár jarðvegs – Öld umhverfisvitundar – Alda nýrrar hugsunar! Jarðvegsvernd gegn loftslagsbreytingum?*
Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri opnaði fundinn og bauð gesti velkomna. Eftirtaldir fluttu ávörp/erindi að því loknu:
Jón Geir Pétursson skrifstofustjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu
Ávarp fyrir hönd umhverfis- og auðlindaráðherra
Þórunn Pétursdóttir landgræðsluvistfræðingur hjá Landgræðslu ríkisins
Heiti erindis:
Af litlum fræjum í frjórri mold
Anna Pála Sverrisdóttir sérfræðingur hjá utanríkisráðuneytinu
Heiti erindis:
Sjálfbærni til framtíðar. Ný heimsmarkmið SÞ
Kristján Hreinsson skáld og heimspekingur
Heiti erindis:
"Grunuð um grósku". Aukum umhverfisvitund
Fundarstjórar:
Hafdís Hanna Ægisdóttir forstöðumaður Landgræðsluskóla HSÞ og Þröstur Freyr Gylfason formaður stjórnar félags SÞ á Íslandi
Að loknum erindum tóku við pallborðsumræður sem Bogi Ágústsson fréttamaður hjá RUV stýrði.
Yfirskrift umræðanna var:
Hver er ábyrgð okkar?
Eftirfarandi aðilar tóku þátt:
Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur
Bjartmar Alexanderson

félagi ungra umhverfissinna
Haukur Ingi Jónasson
sálfræðingur og guðfræðingur
Guðrún Pétursdóttir
stofnun Sæmundar fróða
Ólafur Arnalds
jarðvegsfræðingur
Pallborðsumræðurnar tókust mjög vel. Það reyndist afskaplega vel að hafa svona blandaðan hóp í pallborðinu og þátttakendur komu fram með áherslupunkta út frá margvíslegum sjónarhornum. Aðrir gestir voru einnig mjög áhugasamir um að taka þátt í umræðunum en því miður reyndist tíminn ekki nægur til að ljúka þeim. Um 90 manns tóku þátt í fundinum.

Annað efni

Viðtöl og blaðagreinar:

- Útvarpsviðtal við Hafdísi Hönnu Ægisdóttur í Samfélaginu í nærmynd Rás 1 í mars.
- *Moldin er mikilvæg*. Viðtal við Þórunni Pétursd. í Bændablaðinu í mars.
- *Hvenær er hún frjósömust?* Grein eftir Þ.P. um moldina á visir.is í mars.
- Útvarpsviðtal við Jóhann Þórsson í Speglinum Rás 1 í mars.
- *Í orðastað hins heilaga lambalæris og þátt þess í landeyðingu.* Grein eftir Þ.P. á visir.is.
- *Erum við eins moldrík og við höldum?* Grein eftir Þ.P. á visir.is í júní.
- *Hvað er það sem við ekki skiljum?* Grein eftir Þ.P. á visir.is í desember.

Innlegg á heimasíðu Landgræðslunnar:

- Moldin er mikilvæg. Stutt frétt og hlekkur á viðtalið í Bbl (584 birtingar).
- Alþjóðlegt ár jarðvegs 2015 (487 birtingar; 35 deilingar).
- Moldin er mikilvæg! Örfyrirlestraröð fyrir upptekið fólk (451 birting).
- Bætt vatnsmiðlun og jarðvegsvernd í þéttbýli (Fréttaskot Lr) (182 birtingar; sent líka beint á netföng skilgreinds markhóps).

Mold og mannmergð (171 birting).

- Jarðvegsvernd gegn loftslagsbreytingum (168 birtingar; sent sömuleiðis á netföng skilgreinds markhóps).
- 5.desember er dagur jarðvegs (116 birtingar).
- Menntamálaráðherra hvattur til að auka fræðslu um vistkerfi jarðar og umhverfisvá (100 birtingar; 6 deilingar).

Fb síða "Alþjóðlegt Ár jarðvegs 2015"

- Rúmlega 300 manns tengdir síðunni
- Fréttir og auglýsingar af viðburðum innanlands
- Fréttir erlendis frá settar inn reglulega

Umsóknir um styrki til verkefnisins:

- Þ.P. sendi inn beiðni um styrk til umhverfis- og auðlindaráðherra.
- Þ.P. sendi inn beiðni um styrk til Bændasamtaka Íslands.
- Þ.P. og Ester Ýr Jónsdóttir verkefnisstjóri Nano verkefnisins sóttu um styrk fyrir hönd Lr til endurmenntunarsjóðs grunnskólakennara.
- Þ.P. og E.Ý.J. fengu vilyrði frá Menntamálastofnun um framlag til talsetningar á myndinni "Let´s talk about soils".
- Þ.P. skrifaði styrkumsókn í umhverfissjóð Landsbankans.
- Þ.P. skrifaði styrkumsókn til samfélagssjóðs Landsvirkjunar.

Styrkir og beinn kostnaður:

Styrkir

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið:	100 þús.kr
Bændasamtök Íslands:	50 þús. kr
Samfélagssjóður Landsvirkjunar:	400 þús. kr
Endurmennt.sjóður grunnsk.kennara:	120 þús. kr
Menntamálastofnun:	150 þús. kr
Framlög tengdra stofnana:	128 þús. kr
ALLS:	948 þús.kr

Kostnaður

Fundir og málstofur:	380 þús.kr
Grænmeti og veitingar:	50 þús.kr
Kennsluefni um jarðvegsvernd:	120 þús.kr
Námskeið fyrir kennara:	128 þús.kr
Talsetning á Let´s talk about soil:	150 þús.kr
Leikskrá fyrir sýninguna Lífið:	120 þús.kr
ALLS:	948 þús.kr

Landgræðsla ríkisins • Gunnarsholti • 851 Hellu
Sími: 488 3000 • Fax: 488 3010 • land@land.is • www.land.is